

Intershield One-2-One

Epoxý ryðvarnargrunnur

Efnislýsing

Intershield One-2-One er öflugur og hraðþornandi tveggja-þátta epoxý ryðvarnargrunnur. Grunnurinn er sérstaklega hannaður til að vera einfaldur í notkun en hann hefur 1:1 blöndunarhlutfall, sem auðveldar blöndun og minnkar sóun efnis. Intershield One-2-One inniheldur áflögur sem þétta og styrkja málningarfilmuna gegn tæringu og stuttur þurrktími grunnsins gerir hann tilvalinn til notkunar við lágt hitastig. Hann er einstaklega hentugur til blettaryðviðgerða á bárujárnsþökum og lituðum klæðningum. Intershield One-2-One kemur úr skipa- og iðnaðarlínu International og má nota á öll svæði um borð í skipum, innan- sem utandyra, tanka og ytra allt byrði, ofan sem neðan sjólinu.

Meðhöndlun

- Fjarlægjið alla lausa málningu með kröftugri háþrýstidælu (um 400 bör)
- Hreinsið allt ryð af með vírbursta eða sambærilegum verkfærum, t.d. rafknúnu Bristle Blaster ryðhreisivélinni
- Hreinsa þarf olíu, fitu og umferðarsót af fletinum með Nordsjö Málartvätt og háþrýstipvotti Blandið Málartvätt með allt að 10 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 5:1. Setjið blönduna á með úðabrusa eða burstu. Látið hana liggja á fletinum í nokkrar mínútur. Sprautið af með háþrýstidælu (150-200 bör) og látið flötinn þorna vel
- Blöndun Intershield One-2-One:
 - ✓ Útbúið blönduna í nýju íláti
 - ✓ Notið borhræru og hrærið stofninn vel (þátt A). Hellið svo stofninum í nýja ílátið
 - ✓ Notið borhræru og hrærið herðinn vel (þátt B). Blandið svo herðinum við stofninn í nýja ílátinu og hrærið með borhrærinni
 - ✓ Ef þörf er á minna magni, tryggið að blanda jafnmikið af stofni (þátt A) og herði (þátt B) í nýju íláti
 - ✓ Efnið er almennt notað óþynnt. Við sérstakar aðstæður er efnið þynnt með International GTA220
- Hægt er að bera Intershield One-2-One á með rúllu eða pensli en einnig er mögulegt að sprauta efninu með loftfirrðri (airless) sprautu. Blettið tvisvar til að hámarka ryðvörnina
- Hreinsið öll verkfæri með International GTA220 þynni strax eftir notkun

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Litur: Ál, rautt

Gljái: Matt

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) 50% af rúmmáli. Þáttur B (herðir) 50% af rúmmáli (1:1)

Filmuþykkt: 75 µm þurr (115 µm blaut)

Þekja: 8.67 m²/l

Verkfæri: Rúlla, pensill, loftfirrð sprauta

Þynni: International GTA220

Umbúðir: 10L (þáttur A (stofn) - 5L, þáttur B (herðir) - 5L)

Blossamark: Part A 39°C; Part B 27°C; Blandað 31°C

Notkunartími blöndu: 6 klst við 5°C, 2 klst við 25°C

Þurrktími: 4 klst við 5°C, 3 klst við 25°C

Yfirmálun: 18 klst við 5°C, 6.5 klst við 25°C

Hámarkstími til yfirmálunar:

- **Með Intertuf 203:** 7 dagar við 5°C, 7 dagar við 25°C
- **Með Intersheen 579:** 2 dagar við 5°C, 24 klst við 25°C
- **Með Interthane 990:** 3 dagar við 5°C, 3 dagar við 25°C
- **Með Intershield One-2-One (neðan sjólinu):** 14 dagar við 5°C, 14 dagar við 25°C
- **Með Intershield One-2-One (ofan sjólinu):** 6 mánuðir við 5°C, 5.5 mánuðir við 25°C
- **Með botnmálningu:** Innan 24 klst við 5-10°C

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými. Endist í umbúðum í 12 mánuði við 25°C